Skólaráð Fellaskóla

Fundur 12. nóvember 2026 kl. 16:15 í fundarherbergi Fellaskóla

Mætt: Margrét Dögg, Heiðrún Erla, Ástríður Vala, Indíana Ósk, Kristín Una, Victoria Anna og Anna Zofia. Guðný Drífa var fjarverandi.

Til upprifjunar:

Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans í samræmi við stefnu sveitarfélags um skólahald.

Skólaráð:

a. fjallar um skólanámskrá, rekstraráætlun, starfsáætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið,
b. fjallar um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla og gefur umsögn áður en endanlegar ákvarðanir um þær eru teknar,
c. tekur þátt í að móta stefnu og sérkenni skóla og tengsl hans við grenndarsamfélagið,
d. fylgist með öryggi, húsnæði, aðstöðu, aðbúnaði og almennri velferð nemenda,
e. fjallar um skólareglur, umgengnishætti í skólanum,
f. fjallar um erindi frá skólanefnd sveitarfélags, foreldrafélagi, kennarafundi, almennum starfsmannafundi, nemendafélagi, einstaklingum, menntamálaráðuneyti, öðrum aðilum varðandi málefni sem talin eru upp í þessari málsgrein og veitir umsögn sé þess óskað,
g. tekur þátt í öðrum verkefnum á vegum skólanefndar að fengnu samþykki sveitarstjórnar.

Skólaráð fjallar ekki um málefni einstakra nemenda, foreldra eða starfsfólks skóla.

Dagskrá fundar:

1. *Starfsáætlun ársins*: Fundargestir renndu yfir starfsáætlunina sem er að finna á heimasíðu Fellaskóla
2. *Skólareglur* skólans þarf að fara að endurskoða og uppfæra. Þær eru á heimasíðunni og fundargestir sammála um að það megi gera þær læsilegri þegar þær verða endurskoðaðar. Ekki aðlaðandi að lesa þær eins og þær eru framsettar núna. Indíana bendir á að fyrst tiltekið er í reglunum að nemendur eigi að taka með sund- og íþróttaföt að þá ætti að bæta því við að nemendur komi klæddir til útináms líka.
3. *Yfirferð eftir foreldrasamtöl*. Engin stærri mál hafa borist til stjórnenda eftir samtalsdaginn.
4. *Grænfáninn*: á starfsdegi í október fengum við kynningu á verkefninu frá Guðrúnu hjá Landvernd en það hafði verið rætt um hríð í starfsmannahópnum af hverju Fellaskóli væri ekki Grænfánaskóli. Eftir kynninguna var sótt um í verkefnið, við erum komin inn í Grænfánaverkefnið og erum að stíga okkar fyrstu skref þar. Eigum eftir að búa til umhverfisnefnd en hún samanstendur af verkefnastjóra (Michelle?) og nemendum úr öllum stigum. Verður spennandi og verðugt verkefni sem smellpassar inn starfið sem nú þegar er innt af hendi í Fellaskóla.
5. *Heillaspor* – Verið er að vinna markvisst með Heillaspor og starfsfólk að innleiða það hjá sér. Marta hefur komið og verið með kynningar og verkefnavinnu. Einnig er Heillasporsteymið hér innan skólans virkt, heldur fundi reglulega og nú er skiptist starfsfólk á að taka á móti nemendum á morgnanna, býður þeim „góðan daginn“ með nafni. Viskufræ nóvembermánaðar er að verða tilbúið og verður þá sent til forráðafólks, nemenda og starfsfólks.
6. *Útinámið*: það er inn í stundatöflu á öllum stigum, er verið að vinna markvisst með það.
7. *Jákvæður agi:* Þetta verkefni var sett á ís, ekki var verið að vinna markvisst með stefnuna. Margt líkt með jákvæðum aga og Heillasporum og það er verið að taka föstum tökum.

8. *Vinnustofa heimili og skóli* – foreldrafélagið fékk heimsókn frá Sigurjóni Fox sem var að kynna farsældarsáttmálann fyrir foreldrum. Það sköpuðust góðar umræður og öll stig útbjuggu sáttmála sem hanga uppi í kennslustofum og í skólanum.
9. *Starfsáætlun skólaráðs*:
    - Fundartímar: fínt að funda á þessum tíma dags
    - Opinn fundur skólaráðs: hefð fyrir því að hafa morgunverðarfund um aprílbil og hafa á dagskrá málefni sem tengist skólastarfinu. Rætt um hvort fyrirkomulagið sé heppilegt. Til dæmis nefnt: Á fundurinn frekar að vera í hádeginu? Eiga nemendur að mæta með forráðafólki? Hvernig „löðum“ við fólk að? Á að hafa veglegri morgunmat og taka aftur upp að foreldrar í ákveðnum bekkjum sjái um hann? Hafa happdrætti? Hvað trekkir fólk á staðinn? Margrét skoðar hvernig opnu fundirnir eru hafðir í öðrum skólum.
    - Hugmynd um að hafa grænfánakynningu á næsta morgunverðarfundi, þá er komin mynd á umhverfisnefndina og nemendur þá meiri þátttakendur.

Önnur mál:

- Myndavélar og eftirlit t.d. varðandi eigur skólans og við hoppubelginn. Hver er staðan á því? Hver hefur eftirlitið? Margrét skoðar málið og athugar hvernig þetta er framkvæmt á öðrum stöðum.
- Körfuboltavöllurinn – hver er staðan á því? Er hægt að sækja um styrki? Ýta á málið og fá að vita hvar það er statt. Þarf leyfi?
- Málefni næsta fundar eiga að vera meðal annars: morgunverðarfundur og fyrirkomulag hans, árshátíðin.

Næsti fundur 4. febrúar 2027 kl. 16:10

Fundi slitið kl. 17:20